

Alþingi
Erindi nr. P 130/561
komudagur 9.12.2003

Svalbarðsstrandarhreppur
Ráðhúsinu Svalbarðseyri
601 Akureyri

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Svalbarðsstrandarhrepps f.h. Hitaveitu Svalbarðsstrandar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, 305 mál.

Almennt um frumvarpið.

Svalbarðsstrandarhreppur f.h. Hitaveitu Svalbarðsstrandar, sem sameinuð var Norðurorka hf. 1. september s.l., þakkar fyrir að fá frumvarp þetta til umsagnar. Svalbarðsstrandarhreppur fagnar því að styrkur til hitaveitu, samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, geti numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagnni eða olíu til húshitunar.

Svalbarðsstrandarhreppur telur þetta góðan áfanga á þeirri leið að gera sem flestum kleyft að kynda hús sín með hitaveitu, en telur þó að tíu ára áætluð niðurgreiðsla sé árangursríkari. Lengri tími en átta ár er líklegri til að stuðla að því að stór byggðarlög sem nú annaðhvort notast við beina rafhitun eða rafhitaða hitaveitu muni sjá sér hag að því að hefja leit að jarðhita.

Svalbarðsstrandarhreppur telur að til bóta sé að samkvæmt annarri gr. frumvarpsins er ráðherra heimilað að veita hluta niðurgreiðslufjár til jarðhitaleitarátaks á köldum svæðum. Hér gildir það sama og áður er fram komið að hærri fjárveiting t.d. 10% er líklegri til að stuðla að því að stór byggðarlög sem nú annaðhvort notast við beina rafhitun eða rafhitaða hitaveitu muni sjá sér hag að því að hefja leit að jarðhita.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.


Í 1. gr. komi tíu ár í stað átta.

Í 2. gr. komi 10% í stað 5%.

Virðingarfyllst,

Svalbarðseyri, 9. desember 2003

F.h. sveitarstjórnar
Svalbarðsstrandarhrepps


Arni K. Bjarnason, sveitarstjóri